

# LEIÐBEININGAR JAFNRÉTTISÁÆTLUN ÍÞRÓTTAFÉLAGA



## Leiðbeiningar með jafnréttisáætlun

Leiðbeiningar þessar eru gefnar út af Íþrótt- og Ólympíusambandi Íslands og Jafnréttisstofu. Markmiðið með leiðbeiningunum er að tryggja framfylgd og eftirfylgni með samþykktri jafnréttisáætlun og leiðina að auknu jafnrétti innan íþróttahreyfingarinnar.

## Gæðaverkefni íþróttahreyfingarinnar

Fyrirmyndarfélag ÍSÍ er gæðaverkefni íþróttahreyfingarinnar er snýr að íþróttastarfi. Íþróttafélög og deildir innan félaga geta sótt um þá viðurkenningu að uppfylltum ákveðnum skilyrðum. Þegar viðurkenning hefur verið veitt gildir hún í fjögur ár. Handhafar viðurkenningarinnar hafa meðal annars skuldbundið sig til að vinna eftir samþykktri jafnréttisáætlun ÍSÍ og Jafnréttisstofu.

## Hvað er jafnréttisáætlun?

Jafnréttisáætlun er mikilvægt verkfæri til að vinna markvisst að því að jafna stöðu kynjanna og vinna gegn mismunun. Jafnréttisáætlun er formlega samþykkt skjal þar sem fram koma markmið og aðgerðir til að ná þeim. Jafnréttisáætlunin byggir á lögum nr. 150/2020 um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna og tekur einnig mið af lögum nr. 85/2018 um jafna meðferð utan vinnumarkaðar.

## Innleiðingarferlið

Hér að neðan má sjá einfalda skýringarmynd af innleiðingarferlinu. Því er skipt niður í fjögur skref og hverju skrefi fylgir stutt lýsing. Lengst til hægri eru atriði sem stjórnendur hafa til hliðsjónar við hvert skref:



## LEIÐBEININGAR JAFNRÉTTISÁÆTLUN ÍÞRÓTTAFÉLAGA

### Ávinningur jafnréttis í íþróttastarfi:

- Sjálfbær, lýðræðisleg og fjölbreytt íþróttahreyfing
- Jöfn meðferð í góðu og öruggu umhverfi
- Jafnt aðgengi og aðbúnaður
- Góð nýting á félagsauð og fjármunum



Ef eitthvað er óljóst og/eða ef einhverjar spurningar vakna er alltaf hægt að leita til ÍSÍ og/eða Jafnréttisstofu.



Jafnréttisstofa

Borgum við Norðurslóð 600 Akureyri  
Sími: 460-6200  
Netfang: [jafnretti@jafnretti.is](mailto:jafnretti@jafnretti.is)



Íþróttá- og Ólympíusamband Íslands  
Engjavegi 6 – 104 Reykjavík  
Sími: 514-4000 – netfang: [isi@isi.is](mailto:isi@isi.is)